

verkfæri frá Staðarbyggðarmýrunum». En með því amtsráðið hafði engin yfirráð yfir búfræðingnum nje námspiltum við Möðruvallaskólann, nje heldur nokkur umráð yfir jarðyrkjuverkfærunum frá Staðarbyggðarmýrum, þá gat amtið enga úrlausn veitt beiðni þessari.

138

11. Var þá tekið til umræðu bónarbrjef Magnúsar gullsmíðs Benjamínssonar á Akureyri, dagsett 14. oktbr. f. á., þar sem Magnús biður um, að sjer verði veittar 400 kr. af fje því, sem ætlað er til eflingar búnaði hjer í amtinu, til þess að nema erlendis verkjelasmiði. Amtsráðið mælti hið bezta með því, að Magnús fengi þann styrk, er hann hafði um beiðið.
12. Arnþór bóndi Árnason á Moldhaugum hafði með brjefi, dagsettu 18. júní f. á. beiðið um fjárveiting til að sljetta þýfi á túni sínu, og gjöra fleiri þess konar jarðabætur, en amtsráðið sá sjer eigi fært, að verða við beiðni þessari.
13. Samkvæmt fyrirmælum landshöfðingja skipti amtsráðið þeim 2000 kr., sem ætlaðar eru þessu amti árið 1880 til skipta milli búnaðarfjelaga og búnaðarsjóðsins, á þessa leið:

1.	Búnaðarfjelað Svínavatnshrepps	300 kr.
2.	— — Húnavatnssýslu	300 —
3.	Kynbótafjelað Skagfirðinga	200 —
4.	Framfarafjelað í Bøgisársókn	100 —
5.	— — í Hrafnagilshrepp	100 —
6.	— — í Saurbøjarhrepp	100 —
7.	— — í Öngulstaðahrepp	100 —
8.	— — í Grýtubakkahrepp	200 —
9.	— — í Fellnahrepp	100 —
10.	— — í Breiðdalshrepp	100 —
11.	Búnaðarsjóður sjálfs amtsins	400 —
	Samtals	2000 —

14. Að síðustu samþykkti amtsráðið að greiða mætti, sem að undanfögnu, 25 kr. úr jafnaðarsjóði fyrir skriptir í þarfir amtsráðsins á árinu 1880.

Fleiri mál komu eigi til umræðu á þessum fundi.

Ár 1881, 24. dag maím., var fundur amtsráðsins í norður- og austuramtinu settur á Akureyri af forseta amtsráðsins, amtmani Christjánssyni, með amtsráðsmönnum Arnljóti Ólafssyni og Einari Ásmundssyni.

139

Á fundinum voru tekin til meðferðar og umræðu þau mál, sem hjer eru talin:

1. Voru yfirfarnir og úrskurðaðir sýslusjóðareikningar fyrir 1879 og gjörðar við suma þá nokkrar athugasemdir. Við sýslusjóð Suðurþingeyjarsýslu var það að athuga, að út úr reikningnum er sleppt sýslusjóðsgjaldi, 20 kr. 96 aurum, af brennisteinsnámunum, er jarðabókin 1861 telur með jarðeignum Helgastaðahrepps, en sem telja má víst að liggja innan takmarka Skútustaðahrepps, þótt nú hvorugur þessara hreppa vilji svara þessu gjaldi, þá væri enginn efi á því, að einhver ætti að greiða það, og þá engin heimild til að sleppa því, svo sem gjört væri, úr reikningnum, Amtsráðið áleit því, að þetta óheimta sýslusjóðsgjald ætti að telja með eptirstöðvum sjóðsins, en þar hjá leita hið skjótasta yfirvaldsúrskurðar um, af hverjum það ætti að heimta.

- 139 2. Voru yfirfarnir og úrskurðaðir sýslusjóðsvegareikningar fyrir 1879 úr öllu amtinu, og gjörðar ýmsar athugasemdir við þá. Við sýslusjóðsreikning Eyjafjarðarsýslu var það þannig athugavert, að vegabótaskýrslu vantaði, og voru flestir vegabóta-reikningar ókvitteraðir. Í annan stað var þess og að gæta, að í sýsluvegareikningnum (fyrir 1879) var dagsverkið talið eptir verðlagsskránni 1879—80, en í öllum öðrum sýslum landsins var það talið eptir verðlagsskránni 1878—79, og áleit amtsráðið, að þetta ætti að leiðrjettast framvegis. Við sýslusjóðsreikning Suðurmúlasýslu var það einkum athugavert, að allar vegabótaskýrslur vanta, og var því áminnt um, að slíkt leiðrjettist framvegis.
3. Samið yfirlit yfir fjárhag sýslusjóðanna í norður- og austuramtinu 1879.
4. Samið yfirlit yfir fjárhag sýsluvegasjóðanna í norður- og austuramtinu 1879.
5. Forseti fram lagði brjef landshöfðingja, dagsett 28. marz þ. á., þar sem landshöfðingi óskar álits amtsráðsins um það, hvernig skipt skuli þeim 4000 kr., sem þetta amt fær í ár af fje því, sem veitt er í fjárlögunum til eflingar búnaði. Amtið áleit, að þeim helmingi fjárins, sem ganga skal til fjelaga og sjóða, sje rjettast að skipta sem mest verða má eptir þeirri reglu, að hvert þeirra búnaðarfjelaga, sem hjer eru í amtinu, fái eptir því meiri eða minni styrk, sem fjelagið framkvæmir á þessu sumri meira eða minna af þarflegum og varanlegum jarðabótum. Amtsráðið lagði því til, að auglýsing yrði birt um þetta hið skjótasta, svo búnaðarfjelögin ættu kost á að senda hvert í sínu lagi í haust skýrslur um framkvæmdir sínar á þessu sumri, svo fjenu yrði þar eptir skipt milli þeirra eptir verðugleikum. Virtist amtsráðinu þessi tilhögun einna líklegust til að vekja keppni búnaðarfjelaganna til sem mestra framkvæmda.

Hvað snertir þann helming fjárins, er veittur verður einstökum mönnum, þá væri nú þegar veittar 650 kr. af honum. En af þeim 1350 kr., sem eptir eru, leggur amtsráðið til, að veitt verði :

1. Guttormi Vigfússyni búfræðiskennara á Möðruvöllum ferðastyrkur til að ganga næstkomandi vetur á búnaðarskóla erlendis 500 kr., og
2. sýslunefnd Skagafjarðarsýslu handa búfræðingi 200 kr.
Fleiri veitingum af fje þessu þorði amtsráðið eigi að mæla með að svo komnu, með því telja mætti sjálfsagt, að fleiri fjárþætur myndu bráðum fram koma, t. d. um styrk til að launa öðrum búfræðingum í amtinu, og yrði þeim þætur, eigi með sanngirni neitað, ef einni sýslunni yrði veittur samkynja styrkur.
6. Forseti lagði fram bónarbrjef frá oddvitum sýslunefndanna í Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu um styrk til kvennsskólanna í sýslum þessum af fje því, sem ætlað er til menntunarmála úr jafnaðarsjóði amtsins. Með því engin skýrsla um tilhögun og athafnir tjeðra skóla veturinn 1880—81 fylgdi með bónarbrjefum þessum, gat amtsráðið eigi sjeð sjer fært, að skipta niður þessu fje að sinni, heldur yrði að bíða þar til skýrslurnar væri komnar.
7. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja 16. f. m. og meðfylgjandi bónarbrjef frá sjóliðsforingja C. L. A. Trolle um 2000 kr. styrk af því fje, sem veitt væri til eflingar búnaði í 9. gr. C. 4. fjárlaganna, til þess að kynna sjer fiskiveiðarnar hjer við land. Þótt beiðandinn segi, að tilgangur sinn sje að efla og umbæta fiskiveiðarnar jafnt fyrir Íslendinga og Dani, fannst amtsráðinu fyrirtæki þetta svo óákveðið, að það treystist ekki til, sízt svona fyrirfram og að öllu óreyndu, að mæla með því, að hið umbeðna verði veitt.

8. Forseti lagði fram kæruskjal frá Einari bónda Guðmundssyni á Hraunum, samið «í umboði hreppsnefndarinnar í Holtshrepp», er inniheldur umkvörtun yfir tveim atriðum í úrskurði sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu 20. febr. 1881. Atriði þessi voru: 1. að sýslunefndin hækkaði útsvar Magnúsar á Illugastöðum og 2. að erfingjar Helgu í Haganesi svari til Holtshrepps aukaútsvari af öllum skuldlausum fasteignartekjum dánarbúsins, er sýslunefndin taldi alls 740 kr. og aukaútsvar þar af 2½ af hundraði, 18 kr. 50 aura. Amtsráðið vissi nú gjörla, að því bæri eigi um að dæma úrskurði sýslunefnda í sveitarútsvarsmálum, nema ef vafi kynni á því að leika, hvort sýslunefndin hefði farið fram yfir vald sitt (sbr. sveitarstjórnartilskipun, 4. maí 1872, 52. gr. 1. tölulið). Hið fyrra atriði umkvörtunarinnar kom því alls ekki til greina. Um síðara atriðið var þess að geta, að amtsráðinu var kunnugt, að í hið minnsta ætti einn af erfingjunum ekki lögheimili í þeim hrepp, er hjer um ræðir (sjá 1. gr. í lögum 9. jan. 1880), og ætti því útsvar af hans tekjuhluta arfsins frá að dragast. Amtsráðið vildi því eigi leiða hjá sjer að gefa þessa bendingu um leið og það bað oddvita sýslunefndarinnar um álit sitt og nákvæmari skýringar um þetta atriði kærunnar.
9. Forseti framlagði brjef sýslumannsins í Suðurmúlasýslu, dagsett 20. jan. þ. á., þar sem sýslumaðurinn óskar fyrir hönd sýslunefndarinnar leyfis amtsráðsins til þess, að vegasjóður sýslunnar megi taka 3000 kr. lán til vega og brúagjörða; amtsráðið veitti samþykki sitt til þessa.
10. Sömuleiðis veitti amtsráðið samþykki sitt til þess, að sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu mætti taka 6000 kr. lán til að kaupa jörð handa búnaðarskóla.
11. Forseti framlagði bónarbrjef frá búnaðarfjelagi Fljótsdælinga í Norðurmúlasýslu um styrk til verkfærakaupa af þeim 300 kr., sem lagðar voru í amtsbúnaðarsjóðinn fyrir síðastliðið ár. Amtsráðið samþykkti, að veita fjelagi þessu 50 kr. styrk fyrir umliðið ár.
12. Framlagt brjef sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, dagsett 6. þ. m., þar sem hann biður um styrk handa búnaðarfjelagi, sem stofnað sje í Fljótum og Siglufirði í sameiningu. Með því amtsráðinu eigi var kunnugt um fjelag þetta, þá er tillagi landssjóðsins fyrir 1880 var skipt milli allra búnaðarfjelaga í amtinu, er amtsráðinu var kunnugt um, svo fjelag þetta fór varhluta af veitingunni, þá veitti amtsráðið því 50 kr. úr búnaðarskólasjóði amtsins.
13. Að síðustu var endurskoðaður reikningurinn yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins í norður- og austuramtinu um árið 1880; fann amtsráðið enga athugasemd við hann að gjöra og samþykkti svo reikninginn.

Fleiri mál komu eigi til umræðu á þessum fundi.

Ár 1881, 25. dag ágúst., voru til staðar á skrifstofu amtsins, Guðmundur prestur Helgason og kennari, cand. theologie Jóhannes Halldórsson, tilkvaddir af forseta amtsráðsins, settum amtmanni Júlíusi Havsteen, til þess samkvæmt 46. gr. í tilsk. um sveitastjórn á Íslandi, 4. maí 1872, að telja saman atkvæði þau, sem greidd hafa verið til amtsráðskosninga, sem boðað hafði verið til með brjeft amtsins 15. janúar þ. á., í stað þeirra alþingismanns Einars dbrm. Ásmundssonar í Nesi og umbóðsmanns Stefáns dbrm. Jónssonar á Steinsstöðum. Voru framlagðar útskriftir af gjörðabókum sýslunefndanna í hinum 7 sýslufjelögum amtsins, innihaldandi hjer að lútandi kosningar-